

Verið meðvituð um hverju þið deilið!

Hvernig getur þú verndað friðhelgi þína þegar þú ert á netinu?

Krakkar deila miklu magni upplýsinga þegar þau eru á netinu. Stundum viljandi en stundum óafvitandi. En skilja þau að friðhelgi á netinu snýst ekki bara um hvað þau segja þar og hverju þau deila? Hér fræðumst við um stafrænt fótspor og hvað við getum gert til að stýra því sem aðrir finna og sjá um okkur á netinu.

Markmið:

- Að skoða hugtakið friðhelgi einkalífs, þar á meðal hverju okkur finnst í lagi að deila og með hverjum.
- Að greina mismunandi aðferðir sem auglýsendur beita til þess að safna upplýsingum um notendur með það að markmiði að senda þeim sérsniðnar auglýsingar.
- Að tileinka okkur aðferðir til að vernda friðhelgi einkalífsins, til dæmis með því að aþakka sérstakar stillingar og rýna í persónuverndarstefnu appa eða vefsíðna.

Lykilhugtök:

Vefkökur • friðhelgi • friðhelgisstillingar • persónuverndarstefna • þjónustuskilmálar

Kennsluáætlun 50 mínútur.

Í þessum hluta er fjallað mikið um friðhelgi, einkamál og fleira í þeim dúr og nemendur þekkja kannski ekki öll íslensku hugtökin. Hér er orðalisti sem gott er að hafa við hendina:

Privacy - Friðhelgi (einkalífsins)

Private - Einkamál

Private Information - Einkamál

Personal Information - Persónulegar upplýsingar

Privacy settings - Friðhelgisstillingar

Privacy policy - Persónuverndarstefna

Terms of Service - Notendaskilmálar

Upphitun

1.

Sýnið glæru 4 og spyrjið: Hvað finnst ykkur um þetta mím (e. meme)? Finnst ykkur það fyndið? Gefið nemendum færi á að ræða. Bendið á að neðsta myndin sýnir viðbrögð viðkomandi þegar hún komst að því að hugsanir hennar hafa verið lesnar.

2.

Segið: Jafnvel þó það gæti verið spennandi að geta lesið hugsanir annarra væri það eflaust mjög óþægilegt fyrir öll hin. Af og til hugsum við öll eitthvað sem við viljum ekki að aðrir viti. Þetta eru persónulegar hugsanir og það gæti verið vandræðalegt eða óþægilegt ef aðrir vissu hvað við værum að hugsa. Að deila ekki hugsunum sínum með öðrum er dæmi um friðhelgi einkalífsins. Friðhelgi einkalífsins er vernd gegn því að aðrir fylgist með þér, þar með talið fyrirtæki, stjórnvöld, almenningur, einstaklingar eða hópar (**glæra 5**). Friðhelgi einkalífsins er staðfest með lögum.

3.

Spyrjið: Getið þið nefnt dæmi um hluti sem fólk gæti viljað halda leyndu, annaðhvort frá almenningi eða ákveðnum hópum?

Biðjið nemendur að deila vangaveltum sínum. Ef þau eru hikandi getið þið gefið dæmi eins og:

- Að vilja ekki alltaf segja það sem ykkur raunverulega finnst því þið viljið ekki særa. (Til dæmis ef þér finnst ekki fræga eplakakan hennar ömmu góð).
- Að vilja ekki að foreldrar ykkar heyri allt sem þið talið um við vini ykkar.
- Ýmislegt persónulegt um ykkur sem þið viljið ekki að aðrir viti.

Útskýrið að fólk hafi mismunandi mörk þegar kemur að því hverju það deilir með öðrum. Sumum finnst ekkert mál að deila hverju sem er, á meðan aðrir deila stundum helst ekki með neinum, jafnvel ekki nánustu fjölskyldu sinni.

4.

Segið: Þegar þið eruð á netinu verður friðhelgin mun flóknari. Þið getið valið hvaða vefsíður þið farið á og hvaða upplýsingum þið deilið með öðrum, til dæmis á samfélagsmiðlum. En orð ykkar og gjörðir á netinu eru oft rakin og safnað á mismunandi hátt eftir því hvaða tæki, öpp og vefsíður þið notið. Í dag ætlum við að ræða um hvernig þið getið skilið betur hvaða upplýsingum er safnað og notað um ykkur á netinu. Sérstaklega af fyrirtækjum.

Aðeins fyrir þig

10 mínútur

1.

Segið: Við ætlum að byrja á því að skoða eitt atvik. Dreifið verkefninu [Verið meðvituð um hverju þið deilið - Auglýsingaspæjarinn](#) og biðjið nemanda að lesa atburðarrásina upphátt.

Spyrjið: Hvað finnst ykkur um þetta? Hvernig haldið þið að ykkur myndi líða ef þetta kæmi fyrir ykkur?

Biðjið nemendur um að tjá sig og spyrjið í framhaldinu hvort þau haldi að upplifunin hefði verið sú sama ef auglýsingin hefði verið fyrir eitthvað annað en skó.

Spyrjið: Hvað ef bestí vinur ykkar myndi flytja til annars lands og þið færuð allt í einu að fá upp auglýsingar um flugmiða til þessa lands?

Nemendum gæti þótt slíkar auglýsingar óþægilegri því þær eru ekki byggðar á verslunarsögu þeirra heldur einhverju meira persónulegu.

2.

Segið: Fyrirtæki birta ykkur auglýsingar sem byggja á öllu sem þau vita um ykkur. Það gætu verið upplýsingar sem þið gáfuð upp þegar þið skráðuð ykkur inn. Það gæti líka verið eitthvað sem þið hafið slegið inn í leit, skoðað, líkað eða deilt á meðan þið notuðuð appið. Fyrirtækin rýna einnig í upplýsingar um hvernig þið notið appið, hversu oft, á hvaða tíma dagsins o.s.frv. Vefsíður og öpp sem þið notið og tækin sem þið notið þau á geta safnað miklum upplýsingum um ykkur. Fyrirtækin senda svo á ykkur auglýsingar út frá þeim upplýsingum sem birtast á mismunandi stöðum.

3.

Biðjið nemendur að líta á verkefnið og vinna í pörum við að svara fyrstu spurningunni.

4.

Biðjið nemendur að deila svörum sínum. Þau munu líklega benda á að þegar Kári fór inn á vefverslunina hafi leitarvélina á tækinu sem hann notaði líklega rakið ferðir hans. Og þegar hann deildi tengli inn á samfélagsmiðlum hafi appið einnig varðveitt upplýsingarnar.

Segið: Næst munum við skoða nánar hvernig þetta virkar allt og hvernig við getum verndað friðhelgi okkar.

Friðhelgi einkalífsins

20 mínútur

1.

Sýnið glæru 6 og spyrjið: *Hafið þið séð svona skjá áður? Hvað er þetta?* Nemendur svara. Útskýrið að þetta sé skjámynd til þess að skrá sig inn á *Snapchat* sem er app sem mörg þeirra þekkja. Spyrjið svo: *Hvaða upplýsingum deilum við þegar við skráum okkur inn og notum Snapchat? Hverjum erum við að deila þeim með?*

Nemendur svara. Svör þeirra gætu verið á þessa leið:

- Upplýsingum sem krafist er þegar við skráum okkur inn. (Nafn, símanúmer og fæðingardagur).
- „Snöpp“ eða innihald sem notandinn býr til og gæti verið deilt með *Snapchat* eða með vinum viðkomandi.
- Það sem þú skoðar þegar þú notar appið.
- Staðsetning okkar.

Staðfestið að þessu er öllu deilt með *Snapchat* og fyrsta atriðið í því að vernda friðhelgi okkar sé að vera meðvituð um hvaða upplýsingum fyrirtækið er að safna um okkur. Ef þetta eru upplýsingar sem við viljum ekki að fyrirtækið eða aðrir viti ættum við ekki að gefa þeim þær eða deila þeim.

2.

Segið: *Fyrirtæki safna upplýsingum um okkur með því að fylgjast með því hvað við gerum. Þau gera það einnig með því að nota svokallaðar **vefkökur**. Vefkökur eru litlar textaskrár sem vefsvæði sem þú heimsækir setja í tækið þitt og nota til að safna upplýsingum um þig og hvað þú gerir á vefsvæði þeirra. Fyrirtækin nota svo upplýsingarnar til að finna út hverju þú hefur áhuga á svo þau geti mælt með fleiru sem þú gætir skoðað á síðunni þeirra. Þau gætu einnig selt upplýsingarnar sem þau safna til auglýsenda og annarra fyrirtækja (**glæra 7**).*

Spyrjið: *Hvernig gætu vefkökur hafa hjálpað auglýsendum að finna út hverju Kári hefur áhuga á?*

Biðjið nemendur að svara en ítrekið að þegar Kári fór inn á vefverslunina voru vefkökur notaðar til þess að finna út hvað hann verslaði. Þeim upplýsingum var svo deilt með auglýsendum sem notuðu þær til þess að senda auglýsingar í öppin og vefsíðurnar sem hann notar.

3.

Sýnið glæru 8 og segið: Ef þið viljið ekki láta fylgjast svona með vefnotkun ykkar getið þið lokað fyrir vefkökur í stillingum á vafranum sem þið notið. Þið finnið þann möguleika oftast í friðhelgisstillingum (e. privacy settings). Athugið samt að það getur haft áhrif á vefnotkun ykkar því vefkökur hjálpa líka vefsíðum að vita sjálfkrafa um gagnlegar upplýsingar um ykkur eins og staðsetningu eða kjörstillingar.

4.

Sýnið glæru 9 og spyrjið: *Hér er önnur leið til að vernda friðhelgi ykkar. Hvað sýna þessir skjáir? Hvernig geta þeir verið gagnlegir?* Gefið nemendum færi á að svara. Þau þekkja þá líklega sem skjástillingar.

Segið: Flest öpp hafa stillingarmöguleika. Þetta er valmynd fyrir stillingar í Snapchat. Í stillingarvalmyndinni í flestum öppum eru friðhelgisstillingar. Það eru valkostir sem vefsíða eða app gefur þér um hvaða upplýsingar eru sýnilegar öðrum notendum og þriðja aðila. Þú getur oftast notað þessar stillingar til að útiloka ákveðnar leiðir sem appið notar til að deila upplýsingum þínum (glæra 10).

5.

Farið til baka á glæru 9 og spyrjið: *Hvað gætuð þið valið í þessum stillingum til að sjá eða breyta friðhelgisstillingum?*

Gefið nemendum færi á að svara en bendið á WHO CAN... hlutann og ræðið þá liði sem þar eru nefndir (Contact Me, View My Story....). Sýnið **glæru 11** og farið yfir ráð til verndar friðhelgi.

6.

Sýnið glæru 6 aftur og segið: Önnur leið til að vernda friðhelgi er að skoða það sem þið eruð að samþykkja þegar þið skráið ykkur inn á öpp eða vefsíður. Bendið nemendum á smáa lettrið fyrir ofan „**Sign Up & Accept**“ hnappinn. Bendið á tvö atriði sem eru feitletruð: „**Privacy Policy**“ og „**Terms of Service**.“ Segið: Þessi tvö atriði eru mjög mikilvæg! Þau segja ykkur nákvæmlega hvað þið eruð að samþykkja, lagalega, þegar þið samþykkið að nota appið. **Privacy policy**, eða persónuverndarstefna er lagalegt skjal sem app eða vefsíða verður að birta og lýsir þeim notendaupplýsingum sem þau safna og hvernig þær eru notaðar. **Terms of service** eru notendaskilmálar. Það er lagalegt skjal sem app eða vefsíða verður að birta og lýsir þeim reglum sem fyrirtæki og notendur verða að fylgja þegar þeir nota appið eða vefsíðuna (**glæra 12**). Þessi skjöl eru oftast nokkuð löng og stundum er erfitt að skilja þau. Þetta eru lagalegir skilmálar sem notendur samþykkja.

7.

Segið: Sýnið glæru 13 og útskýrið að ef við erum meðvituð um hvaða upplýsingar um okkur gætu verið varðveittar, eða deilt áfram, getum við tekið upplýsta ákvörðun um um hvort skynsamlegt sé að nota appið.

Grípa til aðgerða

10 mínútur

1.

Sýnið glæru 14 og farið yfir ráðin þar. Spyrjið: *Hvað haldið þið, ef þið hugsið út frá þessum ráðum, að Kári hefði getað gert ef hann hefði viljað huga meira að friðhelgi sinni? Takið aftur fram verkefnið ykkar og svarið spurningu 2.*

Biðjið nemendur að deila svörum sínum.

2.

Spyrjið: *Hvers konar upplýsingum finnst ykkur í lagi að tækin ykkar, öpp og vefsíður safni? Ræðið við bekkjarfélaga.*

Biðjið nemendur að deila svörum sínum. Biðjið þau að nefna dæmi um upplýsingar sem þeim finnst í lagi að láta af hendi en einnig um upplýsingar sem þau myndu ekki vilja að væri safnað. Biðjið þau einnig um að hugleiða hvort kostir og mikilvægi tækisins, vefsíðunnar eða appsins hafi áhrif á afstöðu þeirra.

3.

Nemendur ljúka við spurningu 3 í verkefninu. Safnið saman verkefnum og metið verkefnin.